

EFTIRLITSSKÝRSLA

Urðunarstaður Blönduósbæjar Urðunarstaður Draugagili



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	1.11.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Urðunarstaður Blönduósbæjar	Eftirlitsmaður	Frigg Thorlacius
Heimili	Húnabraut 6	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	4701691769	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ágúst Þór Bragason	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	440014,31 572901,236

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í lokunareftirlit á aflagðan urðunarstað Blönduósbæjar að Draugagili, í samræmi við þinglýst fyrirmæli um frágang og vöktun frá 9. júlí 2014.

Fjögur frávík frá fyrirmælunum voru staðfest í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var á eftirlitsfundi þar sem að farið var yfir gögn er varðar vöktun urðunarstaðarins. Síðustu efnamælingar voru framkvæmdar í september 2016. Lítil breytileiki hefur mælst í þeim efnum sem mæld hafa verið í eftirlitsmælingunum en ekki var mælt fyrir öllum þeim efnum sem tilgreind eru í fyrirmælum um frágang og vöktun. Ekkert grunnvatn hefur mælst í grunnvatnsholu í efsta brunni og litlar breytingar á grunnvatnshæð í tveimur grunnvatnsbrunnnum neðan við urðunarstaðinn.

Farið var í skoðunarferð á urðunarstaðinn. Svæðið er lokað af og afgirt. Svæðið er að hluta til orðið vel gróið en að hluta til nokkuð um sjáanlegan úrgang á yfirborði þar sem áður var rekið flokkunarsvæði fyrir úrgang og þarf því að bæta yfirlag og frágang í samræmi við lokunarfyrirmælin.

Frávík frá

Lýsing á frávíki

Grein 1.8 í fyrirmælum um frágang og vöktun dags. 9. júlí 2014

Síðustu eftirlitsmælingar á samsetningu yfirborðsvatns voru framkvæmdar í september 2016 en mæla skal samsetningu yfirborðsvatns einu sinni á ári samkvæmt fyrirmælunum.

Grein 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun dags. 9. júlí 2014

Skráningum um umfang urðaða úrgangsins (sig), magn úrkomu, hitastig, uppgufun og loftraka hefur ekki verið skilað til Umhverfisstofnununar en þeim skal skilað árlega skv. grein 1.7 í fyrirmælunum. Rekstraraðili vísar á veðurmælingar eru gerðar reglulega við urðunarstaðinn Norðurá í Stekkjarvík og að sjónrænt mat sé gert á sigi með reglubundnum hætti. Umhverfisstofnun að skráningunum sé framvegis gert skil í árlegri skýrslu í samræmi við ákvæði starfsleyfis.

Grein 1.4 í fyrirmælum um frágang og vöktun dags. 9. júlí 2014

Bæta þarf yfirborðsfrágang á hluta urðunarstaðarins. Þar er malaryfirborð og nokkuð af sjáanlegum úrgangi á yfirborði. Öllum

frágangi í samræmi við lokunaráætlun dags. 25. febrúar 2011 átti að ljúka fyrir 1. janúar 2015 skv. fyrirmælunum. Rekstraraðili áætlað að bæta ofan á þekjulagið í janúar-febrúar og sá í svæðið í byrjun júní nk.

ANNAÐ

Rekstraraðili sendi Umhverfisstofnun erindi dags. 30. janúar 2015, um endurskoðun vöktunarmælinga í samræmi við 10. grein fyrirmælanna. Umhverfisstofnun hefur ekki tekið afstöðu til erindisins en eftirlitsmaður hefur vekið athygli á því við teymi starfsleyfa og umsagna.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 08.01.2019


Halla Einarsdóttir

